

Öryggis-, heilbrigðis- og umhverfisstefna Faxaflóahafna sf.

Faxaflóahafnir sf. er fyrirtæki í hafnarþjónustu, þróun hafnarinnviða og lands. Fyrirtækið leggur áherslu á að vera leiðandi og til fyrirmyndar í öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismálum (ÖHU). Fyrirtækið skuldbindur sig til að vinna að stöðugum umbótum í því skyni að auka öryggis-, heilbrigðis- og umhverfisvitund starfsmanna, viðskiptavina og þjónustuaðila sinna. Á þann hátt er áhætta starfseminnar lágörkuð.

Helstu áherslur Faxaflóahafna sf. í öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismálum eru að:

- Uppfylla viðeigandi kröfur laga og reglugerða, framfylgja leiðsögn stjórnvalda og eigenda í öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismálum.
- Starfsumhverfi sé heilbrigt og vinnustaðamening stuðli að jafnrétti og fjölbreytni.
- Varnarlög séu skilgreind á grundvelli áhættumats fyrir starfsemina.
- Starfsfólk þekki og uppfylli öryggis- og umhverfisreglur.
- Starfsfólk, með stuðningi stjórnenda, móti og taki virkan þátt í stöðugum umbótum.
- Starfsfólki sé boðið reglubundnar heilsufarsmælingar og ráðgjöf.
- Atvik séu skráð og orsök þeirra greind með það að markmiði að finna umbótatækifæri.
- Öryggis- og umhverfismál séu höfð að leiðarljósi við hönnun og rekstur mannvirkja og svæða.
- Viðhafa reglulegt og markvisst eftirlit með ástandi vinnusvæða, mannvirkja, tækja og öryggisbúnaðar.
- Áhersla sé lögð á öryggis- og umhverfismál við kaup á vörum og þjónustu.
- Sömu kröfur séu gerðar til allra sem sinna verkefnum á vegum Faxaflóahafna, þ.m.t. verktaka.
- Fyrirtæki með starfsemi á svæðum Faxaflóahafna séu hvött til þess að uppfylla viðurkenndar heilbrigðis-, öryggis- og umhverfiskröfur.
- Skipulag skili hagrænum ávinningi þar sem lífsferilssjónarmið séu höfð til hliðsjónar.
- Umhverfisáhrif framkvæmda séu lágörkuð.
- Markmið séu sett í loftlagsmálum m.t.t. minnkunar kolefnislosunar og hlutleysis og gripið sé til markvissra aðgerða til að tryggja þann árangur.
- Umgengni sé til fyrirmyndar á svæðum Faxaflóahafna.
- Mengun sé vöktuð og gripið sé til viðeigandi ráðstafana til að hindra skaðlegar afleiðingar.
- Dregið sé úr úrgangi, hann flokkaður, endurunninn og urðun lágörkuð.
- Viðhalda vottuðu heilbrigðis- og öryggisstjórnunarkerfi (ISO 45001) og umhverfisstjórnunarkerfi (ISO 14001) í samræmi við kröfur staðlanna.

Samþykkt á fundi stjórnar Faxaflóahafna sf.
þann 19. mars 2021

Magnús Þór Ásmundsson, hafnarstjóri